

REGLUGERÐ

um sektargerðir lögreglustjóra.

1. gr.

Lögreglustjórum er heimilt að afgreiða með sektargerð kærur, er þeim berast, um brot á umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt, enda telji lögreglustjóri, að viðurlög við brotinu muni eigi fara fram úr 5000 króna sekt, samkvæmt dómi.

Ef brot er þess eðlis, að vænta má, að það geti varðað varðhaldi eða fangelsi eða ökuleyfissviptingu ásamt sekt, má eigi afgreiða mál með sektargerð.

2. gr.

Saksóknari riktisins lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt 1. gr. nær til. Í skránni skulu vera leiðbeiningar um sektarupp-hæð fyrir hverja tegund brota.

3. gr.

Nú berst lögreglustjóra kæra fyrir brot þau, er um ræðir í 2. gr., og má hann þá, innan mánaðar frá því honum barst kæran, gefa sökunaut kost á því að ljúka málinu innan tveggja vikna með greiðslu hæfilegrar sektar.

4. gr.

Pegar lögreglustjóri hefur ákveðið að beita sektargerðarheimild, sendir hann sökunaut bréflaga tilkynningu um þá ákvörðun. Í tilkynningu skal fram tekið í stuttu máli, fyrir hvaða brot sökunautur er kærður. Skal þar m. a. koma fram, eftir því sem við á, hvar og hvenær brot var framið. Einnig skal þess getið, hvaða refsíakvæði brot varðar við.

Greint skal frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka máli með greiðslu tiltekinnar sektar til lögreglustjóra innan tveggja vikna. Taka skal enn fremur fram, hvert sekt renni.

5. gr.

Samþykki sökunaut sektarboð lögreglustjóra, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningarbréf það, sem um ræðir í 4. gr., og kemur því síðan til skila, ásamt sektargreiðslu, í skrifstofu lögreglustjóra.

Nú synjar sökunautur sektarboði lögreglustjóra eða greiðir eigi sekt innan tilskilins frests, og vísar lögreglustjóri þá máli til dómara með venjulegum hætti.

6. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir þá, sem sektaðir eru samkvæmt framangreindum reglum. Skal þar skráð afgreiðsla hvers einstakt máls.

7. gr.

Bréf þau, sem lögreglustjóri sendir sökunautum, sbr. 4. gr., skulu gerð í frumriti og tveimur afritum. Skulu bréfin tölusett í framhaldandi röð með númerum og ártali. Frumrit skal sent sökunaut, en afrit geymd í rétttri töluröð í bréfabindi. Á bæði afritin skal skráð dagsetning sektargreiðslu, hvort og hvenær mál er sent dómara eða aðrar málslyktir. Ef kæra er send dómara, skal annað afrit sektarboðs lögreglustjóra fylgja með, en ella skal það sent saksóknara, eftir reglum, er hann ákveður. Frumrit sektargerðar, sem samþykkt er, skal varðveitt sem fylgiskjal með sjóðbók.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, um breytingu á þeim lögum, og öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. nóvember 1966.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 273.

20. desember 1966.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Einstefnuakstur á Barmahlíð, Mávahlíð, Drápuhlíð og Blönduhlíð til austurs frá Lönguhlíð að Stakkahlíð.
2. Bifreiðastöður eru bannaðar að sunnanverðu við framangreindar götur, en leyfðar að norðanverðu á skásettum bifreiðastæðum.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vitastíg frá Skúlagötu að Hverfisgötu, austanmegin götunnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. desember 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 274.

30. desember 1966.

TILKYNNING

um söluskattsskírteini.

Ákveðið hefur verið, að heimildarskírteini samkv. 11. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, sem skattstjórar hafa gefið út og framlengd hafa verið, skuli einnig gilda á árinu 1967, án sérstakrar endurnýjunar af hálfu skattstjóra. Þetta tekur þó ekki til þess, ef fyrirtæki ber að tilkynna um breytingu á starfsháttum eða heimilisfangi sbr. 11. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1966.

F. h. r.

Guðlaugur Þorvaldsson.

Ólafur Stefánsson.